

1861.

4. septbr.

dómsmálastjórnin á yður, herra stiptamtmaður, að þér brýnið alvarlega fyrir landfógetanum á Íslandi og sýslumönnum þeim og umboðsmönnum, sem eru í umdæmi yðar, að eigi megi út af því bregðast, að þeir á ári hverju sendi amtinu svo snemma reikninga sína, að þeir geti komizt hingað í síðasta lagi með þriðju póstskeipsferðinni frá Íslandi, en að öðrum kosti verði eigi hjá því komizt að við hafa þau þvingunarmeðöl, er með þarf í þessu efni.¹

9. septbr.

58. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um læknislyf handa stúdentum á prestaskólanum.

Eftir að þér herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, voruð búnir að láta í ljósi álit yðar um úrskurð þann, er lagður var á 12. útásetningagrein við reikninga um tekjur og gjöld hinna lærðu menntunarstofnana á Íslandi fyrir tímabilið frá 1. aprílm. 1854 til 31. marzm. 1856, viðvíkjandi 5 rdl. 36 sk., er varið hefir verið fyrir læknislyf handa tveim stúdentum á prestaskólanum, hefir stjórnardeild sú, er hefir á hendi rannsókn reikninga í konungsríkinu, skotið undir úrlausn dómsmálastjórnarinnar, hvort heimild sé fyrir því í gildandi lögum, að stúdentar á prestaskólanum fái læknislyf ókeypis, þá er þeir sýkjast.

Út af þessu skal yður það til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, að þó svo væri, sem ekki eru komnar fram neinar skýrslur um í málinu, að þessir tveir prestaskólastúdentar hafi haft ölmusu, þá er engin heimild til að veita þeim læknislyf ókeypis í sjúkdómi í stjórnarráðsúrskurðum þeim, sem yfirstjórnendur skólans hafa skýrskotað til, en það eru rentukammerbréf 28. marzm. 1787, kanselibr. 6. maím. s. á. og kanselí-cirk. 16. septemberm. 1820; en eftir því, sem ástatt er, má í þetta skipti við svo búið standa í þessu efni.

1) Sama dag voru amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu og amtmanninum yfir vesturumdæminu rituð bréf sama efnis, um reikninga sýslumanna og umboðsmanna í umdæmum þeirra.